



Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu björgunarskipaflota Landsbjargar, 125. mál.**

Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um eflingu björgunarskipaflota Landsbjargar, 125. mál.

SFS taka undir mikilvægi þess að endurnýja björgunarskipaflota Slysavarnarfélagsins Landsbjargar (SL). Núverandi skip eru flest þriggja til fjögurra áratuga gömul og eru með þeim elstu í Evrópu. Þá hafa þarfir breyst og er í dag talin þörf á öflugri og hraðskreiðari skipum.

Full þörf er á björgunarskipum um land allt. Ein helsta útflutningsgrein Íslendinga eru fiskveiðar og hefur mikill árangur náðst á undanförunum árum við að fækka alvarlegum slysum á sjó. Er það ekki síst að þakka björgunarskipum SL og markvissu starfi Slysavarnarskóla sjómanna. Þá hefur fjöldi ferðamann aukist mjög á undanförunum árum og þar með fjöldi fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á siglingum með ferðamenn. Loks hefur heimsóknum stórra skemmtiferðaskipa til landsins fjölgað mikið. Allt eru þetta þættir sem styðja mikilvægi þess að vel búin björgunarskip séu til taks.

SFS tekur því undir þau sjónarmið sem fram koma fram í þingsályktunartillögunni, að stjórnvöld komi að fjármögnun við endurnýjun á björgunarskipaflota SL.

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,  
f.h. SFS

Heiðmar Guðmundsson hdl.

